



Lúxemborg, 20. nóvember 2024

FRÉTTATILKYNNING 13/2024

Dómur í máli E-3/24 *Margrét Rósa Kristjánsdóttir gegn Sjúkratryggingum Íslands*

STJÓRNARMENN OG HÓPUPPSAGNIR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Reykjavíkur varðandi tilskipun um hópuppsagnir¹ („tilskipunin“) að því er varðar túlkun á hugtakinu „launþegi“ sem og reglur um skaðabætur vegna brota á tilskipuninni.

Í málinu sem er til meðferðar hjá héraðsdómi krefst Margrét Rósa Kristjánsdóttir skaðabóta á grundvelli þess að fyrrverandi vinnuveitandi hennar, Sjúkratryggingar Íslands, hafi ekki farið eftir málsmeðferðarreglum samkvæmt íslenskum lögum sem settar voru til að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt.

Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði eftir ráðgefandi áliti á túlkun tilskipunarinnar að því er varðar hvort stjórnarmenn teljist „launþegar“ svo hægt verði að meta hvort viðmiðunarmörkum tilskipunarinnar um fjölda uppsagna hafi verið náð. Auk þess óskaði héraðsdómur eftir leiðbeiningum um þær kröfur sem leiða af tilskipuninni varðandi skaðabætur vegna brota á reglum tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að stjórnarmenn geti talist „launþegar“ í skilningi tilskipunarinnar, ef þeir, yfir tiltekið tímabil, veita lögaðila þjónustu þar sem þeir lúta boðvaldi annarra, og fá greidda þóknun fyrir. Jafnframt skal það metið í hverju máli fyrir sig hvort slíkt boðvald sé fyrir hendi út frá öllum þeim þáttum og aðstæðum sem einkenna samband aðila, sem og markmiðum tilskipunarinnar.

Ennfremur komst EFTA-dómstóllinn að því að tilskipunin kveður ekki á um almennar reglur er varða skaðabætur ef til uppsagnar kemur og það sé á forræði viðkomandi EES-ríkis að kveða á um nákvæma útfærslu á reglunum til að tryggja að skyldum samkvæmt tilskipuninni sé fullnægt. Reglurnar þurfa þó að taka mið af meginreglunum um jafngildi og skilvirkni og viðurlögin verða að vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotið og hafa áhrif til varnaðar.

Þetta ráðgefandi álit er hluti af málsmeðferð fyrir héraðsdómi. Héraðsdómur Reykjavíkur mun nú hefja málsmeðferð sína að nýju og dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

¹ Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir.